



**Haukur Ágústsson** er fæddur í Reykjavík. Hann er guðfræðingur og lauk námi sem tónmenntakennari frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Hann hefur starfað við kennslu, veðurathuganir, prestskap og skólastjórn. Hann var formaður Menor í mörg ár og um árabíl listgagnrýnandi dagblaðsins Dags. Hann hefur sungið í kórum, stjórnað kórum, samið lög og útsett. Þekktasta

verk hans er barnasöngleikurinn Litla Ljót, sem var fyrsta barnaleikritið, sem tekið var upp í sjónvarpinu. Litla Ljót hefur einnig komið út á plötu. Haukur hefur aðallega sungið negrasálma og gömul, amerísk dægurlög.

**Daníel Þorsteinsson** píanóleikari stundaði sitt tónlistarnám í Neskaupstað, við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar og Tónlistarskólann í Reykjavík. Framhaldsprófi lauk hann frá Sweelinck tónlistarháskólanum í Amsterdam árið 1993. Daníel hefur komið fram víða um heim í einleik og samleik, auk þess sem hann hefur samið og útsett tónlist fyrir leikhús, söngvara og kóra, og leikið inná fjölda hljómdiska tónlist af ýmsu tagi. Með CAPUT hópnnum hefur Daníel komið víðsvegar fram m.a. á Norðurlöndunum, Ítalíu, í Kanada, Bandaríkjunum og Japan.

Daníel hefur í þrígang hlotið starfslaun frá Menntamálaráðuneytinu og árið 2000 var hann útnefndur bæjarlistamaður á Akureyri. Hann býr nú í Eyjafjarðarsveit, kennir við Tónlistarskólann á Akureyri og Tónlistarskóla Eyjafjarðar, starfar sem organisti og kórstjóri við Laugalandsprestakall í Eyjafirði og er stjórnandi Kvennakórs Akureyrar.